



Aðalfundur Kayakklúbbssins 16. febrúar 2017

Gögn aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2016
3. Skýrslur nefnda

Dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum:

- 1 Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
- 2 Skýrsla stjórnar lögð fram.
- 3 Skýrslur nefnda lagðar fram.
- 4 Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og útskýrðir.
- 5 Umræða um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga.
- 6 Reikningar bornir upp til samþykktar.
- 7 Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.
- 8 Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði.
- 9 Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.
- 10 Ákvörðun félagsgjalda.
- 11 Önnur mál.
- 12 Fundargerð.
- 13 Fundarslit.

Skýrsla stjórnar

Stjórn Kayakklúbbssins árið 2016 var skipuð þeim:

Andri Þór Arinbjörnsson, formaður
Gísli S. Karlsson, gjaldkeri
Sveinn Axel Sveinsson, ritari
Lárus Guðmundsson
Sigurjón Magnússon

Stjórn fundaði 6 sinnum á árinu og eru fundargerðir stjórnarfunda aðgengilegar félagsmönnum á heimasíðu félagsins. Talsverðar umræður voru um aðstöðumál og nýtingu klúbbbáta. Fjöldun gáma er í undirbúningi og hugmyndir um að félagar geti keypt sér áskrift að búnaði hafa verið ræddar án þess að nokkuð hafi verið ákveðið í þeim efnum. Klúbburinn varð 35 ára á árinu og í tilefni þess stóð stjórn fyrir afmælishátíð sem var vel sótt af félagsmönnum. Ljósmyndanámskeið var haldið í febrúar en aðrir viðburðir voru samkvæmt þeim hefðum sem klúbburinn hefur skapað sér á þeim 35 árum sem hann hefur verið starfandi. Vel heppnaðir atburðir fyrri ára eru endurteknir og aðrir festast í sessi. Þannig hefur Klúbburinn nýtt reynslu fyrri ára til auka starfsemina ásamt því að bæta gæði þeirrar dagskrár sem klúbburinn stendur fyrir og félagsmönnum stendur til boða að taka þátt í. Kayakklúbburinn hefur alltaf lagt ríka áherslu á að vel sé tekið á móti nýliðum og að reynt sé að auðvelda þeim að stíga fyrstu skrefin, eða öllu heldur róa fyrstu áratökin við öruggar aðstæður. Við þetta hafa hefðum samkvæmt allir hjálpast að og árangurinn er stór og öflugur klúbbur sem að margir kayakíðkendur sjá sér hag í að vera hluti af.

Starfssemi Kayakklúbbsins árið 2016 var með mjög hefðbundnum hætti og nánar verður gert grein fyrir helstu málum frá árinu í skýrslum nefnda. Almenn ástundun var með besta móti og það getum við mælt því að síðustu ár höfum við tekið upp rafræna skráningu á iðkun félagsmanna. Núna eigum við til samanburð á iðkun síðustu þriggja ára og það er ánægjulegt að bera saman tölurnar því að þær gefa til kynna að starfssemi okkar sé í miklum vexti. Félagsmönnum fjölga og hver og einn rær meira. Þetta bendir til þess að við sem klúbbur séum á réttri braut, enda er einn tilgangur félagsins að standa fyrir iðkun kayaksportsins.

Eins og allir Íslendingar hafa tekið eftir hefur ferðamannaiðnaður vaxið gríðarlega á síðustu árum og í þessari þróun felast mörg tækifæri fyrir kayakíðkendur hérlendis. Framboð á skipulögðum kayakferðum hefur stóraukist og þó nokkrir af okkar félagsmönnum hafa tekið að sér leiðsögumennsku á kayak með ferðamenn. Oft er gerð krafa um að leiðsögumenn sækji námskeið, taki próf og afli sér þannig réttinda til að vera fararstjórar eða aðstoðarmenn við kayakferðir sem eru skipulagðar af ferðaþjónustuaðilum. Einhverjir þessara aðila hafa komið sér upp þeim búnaði og kayakflota sem þarf til að geta boðið upp á skipulagðar ferðir með hópa. Það má leiða líkur að því að aukin þekking á kayakspörtinu og fjárfesting ferðaþjónustuaðila í kayakbúnaði verði vítamínsprauta fyrir okkar sport. Þessi geiri ferðamannaiðnaðarins mun geta af sér atvinnufólk í kayakferðum og e.t.v verður auðveldara fyrir áhugasama að afla sér búnaðar þegar ferðaþjónustuaðilar þurfa að endurnýja flota og aukið framboð verður af notuðum kayakvörum. Það verður í það minnsta áhugavert fyrir kayakfólk að fylgjast með þessari þróun atvinnumennsku í okkar sporti.

Stjórn Kayakklúbbsins er stolt af þeim árangri sem félagsmenn hafa náð við breiða út sportið og stuðla að aukinni iðkun. Við trúum því að klúbburinn hafi mörg tækifæri til að halda áfram að vaxa og styrkjast og að auðvelt verði að nýta þau ef við höldum áfram á sömu braut.

Undirstaðan í starfsemi klúbbsins eru nefndir og sú vinna sem þar fer fram. Á árinu 2016 störfuðu eftirtaldar nefndir:

- Keppnisefnd, formaður Eymundur Ingimarsson
- Ferðanefnd, formaður Hildur Einarsdóttir
- Húsnæðisnefnd, formaður Össur Imsland
- Sundlaugarnefnd, formaður Magnús Sigurjónsson

Ítarlega umfjöllun um starfsemi hveftrar nefndar má finna í skýrslu nefndanna sem er í skjalasafni á heimasíðu klúbbsins.

Stjórn Kayakklúbbsins þakkar nefndarmönnum fyrir þeirra framlag til starfsseminnar og félagsmönnum öllum fyrir þátttökuna á árinu 2016